



Reykjavík, 3. jan 2022

Efni: Vegna grænfánaúttektar 1.jan sl.

Kæri/a og umhverfisnefnd xxxxxskóla

Bestu þakkir fyrir gott spjall í úttektinni. Hér að neðan er endurgjöf til ykkar ásamt niðurstöðum úttektarinnar.

Þið unnuð með þemun Lýðheilsa og Hnatrænt jafnrétti á tímabilinu.

Skrefin sjö

Ábendingar

1. Umhverfisnefnd	X	Ánægjulegt að það sé mikill áhugi meðal nemenda og starfsfólks
2. Mat á stöðu mála	X	
3. Aðgerðaráætlun og markmið	X	
4. Eftirlit og endurmat	X	Mætti virkja nemendur í því að endurmeta, þannig draga þau lærdóm af því hvað megi gera betur og hvað gekk vel
5. Grænfáninn í námsgreinum	X	Vel útfært og nær til margra námsgreina
6. Upplýsa og fá aðra með	X	Til fyrirmyndar, skemmtileg frétt í bæjarblaðinu um þemavíkuna
7. Umhverfissáttmáli	X	Til fyrirmyndar, sniðugt að hafa myndasamkeppni tengda honum.

Markmið sem unnið var með á tímabilinu

Auka og efla jóga í skólastarfi	X	Mikil ánægja bæði hjá nemendum og starfsfólki
Bambahús - hefja ræktun og auka framboð af grænmeti sem ræktað er í skólanum	X	
Hver árgangur vinni verkefni um ólíka lífnaðarhætti	X	Kennarar fengu val um útfærslu, skemmtilega fjölbreytt útkoma
Unesco skóli. Barnasáttmálinn. Sólblómabarn	X	Flott hvernig verkefnin fléttuðust saman
Þemavika – hreyfing í daglegu lífi	X	Skemmtileg nálgun

Heildarniðurstaða

Skólinn náði öllum þeim markmiðum sem hann setti sér á liðnu tímabili. Margt jákvætt er orðið af föstum lið í skólastarfinu eins og jóga, ræktun, hreyfing og alþjóðleg verkefni. Unnið er að fjölbreyttum verkefnum með nemendur í brennidepli þar sem notast er við leitaraðferðir, þátttökunám og nemendur eru virkir í eigin námi. Ánægjulegt að sjá hvað það gekk vel að sameina innleiðingu Heilsueflandi grunnskóla við grænfánastarfið og sömuleiðis vinna að öðrum verkefnum eins og UNESCO verkefnum samhliða grænfánanum. Skólinn er til fyrirmyndar hvað varðar skref 6 og 7 í grænfánavinnunni: *Að upplýsa og fá aðra með og gerð umhverfissáttmála*. Greinilegt er að nærsamfélagið er meðvitað um það flotta starf sem fram fer í skólanum.

Við minnum að lokum á heimasíðu verkefnisins <https://landvernd.is/graenfaninn/> og handbókina Á grænni grein en þar er að finna nánari upplýsingar um verkefnið ásamt umræðu um þemun og hugmyndir að verkefnum sem hægt er að vinna, sjá hér:

<https://landvernd.is/a-graenni-grein>.

Á vefsíðu grænfánans er m.a. að finna fullt af námsefni sem getur gefið ykkur innblástur um ný verkefni og nýjar nálganir.

Ný og endurbætt verkefnakista var opnuð í febrúar á þessu ári og þar má finna fjölda verkefna. Verkefnin eru ýmist samin af menntateymi Landverndar eða hafa komið frá grænfánaskólum í gegnum tíðina. <https://landvernd.is/verkefnakista/>

Verkefnið Ungt umhverfisfréttafólk er orðið mjög vinsælt verkefni fyrir unglingastigið og framhaldsskólana hér er má finna helstu upplýsingar um það verkefni

<https://landvernd.is/graenfaninn/umhverfisfrettafolk/>

Grænfáninn fagnar 20 ára afmæli á skólaárinu 2021-2022. Við hvetjum ykkur að fylgjast með þeim viðburðum sem verða á afmælisárinu og þeim afmælispökkum sem verða opnaðir í hverjum mánuði og eru tileinkaðir þeim tengdum umhverfismálum <https://landvernd.is/graenfaninn/20-ara-afmaeli/>

Þið hafið náð þeim góða árangri að fá grænfánann afhentan í níunda sinn. Innilega til hamingju með það!

Bestu kveðjur,

Menntateymi Landverndar